# AUGLÝSING

**um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.**

*Deiliskipulag Skógarhverfis, áfangi 3A.*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 9. mars 2021 breytingu á deiliskipulagi, Skógarhverfis, áfanga 3A. Í breytingunni felst m.a. að skilgreind er dreifistöð fyrir raforku, opið svæði fyrir vatnsfarveg er breikkað, nánari grein er gerð fyrir settjörnum og göngustígum, gangstétt og bílastæði við Álfalund eru færð suður fyrir akbraut, veglína Skógarlundar er einfölduð og lóðamörk aðliggjandi lóða lagfærð til samræmis.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. málslið 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Akranesi, 12. mars 2021.*

**Hafdís Sigurþórsdóttir,** fulltrúi skipulags- og umhverfissviðs.

---